



Kennarar:	Ægir Pétur Ellertsson	Sk.st.	ÆÆ
-----------	-----------------------	--------	----

Áfangalýsing:

Unnið verður með ensku sem alþjóðamál og algengustu afbrigði málsins eftir búsetu, menntun og stétt. Lestextar, hlustunar- og myndbandsefni ættu að endurspeglar með sem bestum hætti menningu og mannlíf ólíkra málsvæða og sýna fjölbreytileika enskunnar. Sérstök áhersla er lögð á ritun.

Undanfarar: Nemandinn hafi lokið 2 þrepi → 15 einingum í ensku á öðru þrepi eða áföngunum ENSK2OL05 og ENSK2OR05.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- stjórnámalum, fjölmiðlum og sögu í þeim löndum þar sem tungumálið er talað
- menningu þjóða þar sem tungumálið er talað sem og eigin menningu
- inntaki textanna sem unnið er með
- orðaforða sem gerir honum kleift að tileinka sér með góðu móti lesefni í áframhaldandi námi eða starfi
- hefðum sem eiga við um talað og ritað mál

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- skilja vel sérhæfða texta á sviði sem hann þekkir
- skilja almennt talað mál, jafnvel þar sem frásögnin er ekki sett skipulega fram
- lesa, sér til ánægju eða upplýsingar, texta sem gerir kröfur til lesandans, ýmist hvað varðar orðaforða og uppbyggingu eða myndmál og stílbrögð
- tjá sig af öryggi um margvísleg málefni, bæði almenn og persónuleg
- beita ritmáli í mismunandi tilgangi, fræðilegum og persónulegum

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- hagnýta sér fræðitexta og meta heimildir á gagnrýninn hátt
- flytja vel uppbyggða frásögn, kynningu eða greinargerð, draga fram aðalatriði og rökstyðja mál sitt nokkuð nákvæmlega með dæmum og bregðast við fyrirspurnum
- beita rithefðum sem við eiga í textasmíð, m. a. um inngang með efnisyrdingu, meginmál með vel afmörkuðum efnisgreinum og niðurlag
- vinna efni úr ýmsum upplýsingaveitum og fella saman í eina heild samkvæmt þeim hefðum sem gilda um heimildavinnu
- skrifa gagnorðan, skilmerkilegan og vel uppbyggðan texta

Námsefni:

- ✓ **To Kill a Mockingbird** eftir Harper Lee
- ✓ **The Go-Between** eftir L.P.Hartley
- ✓ **Smásögur, greinar og annað efni í Innu eða á netinu.**

Efnisyfirferð

Þetta er verkefnabundinn áfangi og verkefni fjölbreytt. Námsumhverfið í Innu leikur stórt hlutverk og er áhersla lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Fjöldi smærri verkefni verður unnin. Eitt stórt verkefni verður unnið í hópum og afrakstur kynntur fyrir bekknum. Nemendur lesa tvær skáldsögur heima og vinnan í tímum felur í sér skyndipróf, ritgerðir og munnleg próf: Fyrst **To Kill a Mockingbird** og síðan **The Go-Between** seinna á önninni (lesáætlanir birtast seinna) Unnið verður munnlegt verkefni (recording) úr kvikmynd. Smásögur og efni verða lesið heima og unnið með í tímum.

Dæmi um verkefni á önninni (birt með fyrirvara um breytingar):¹

- ✓ Fjölgreindir (Multiple Intelligences)
- ✓ Stéttskipting (Class division)
- ✓ Flóttamenn (Refugees)
- ✓ Staðalímyndir og kynhlutverk í fjölmiðlum (Media assignment)
- ✓ Ljóðaverkefni (Poems)
- ✓ Stóra verkefnið: saga og menning (History and culture)
- ✓ Leikritaverkefni (Drama)
- ✓ Short stories. (í Innu)
- ✓ Verkefni úr skáldsögunum tveimur

Efni frá kennara, vefurinn, bókasafnið verður notuð til stuðnings nemendum við skrifleg verkefni.

Nánari áætlun um yfirferð og verkefnaskil: verður sett inn í Innu

Sérreglur áfangans:

- Áfanginn er símatsáfangi og byggir námsmat (einkunn) á vinnu nemenda á önninni og virkni í kennslustundum. **Skilvís verkefnaskil eru því forsenda þess að ná áfanganum.** Það er ekki lokapróf en á önninni eru nokkur próf sem tekin verða í tíma
- Nemendur **bera ábyrgð** á námsframvindu og **þeir eiga** að fylgjast með verkefnum og skiladögum í Innu að **lágmarki tvisvar í viku.**
- **Skilaskylda er almennt séð á öllum verkefnum.** Gert er ráð fyrir að nemendur skili öllum verkefnum á uppgefnum skiladögum. Ef nemandi óskar eftir skilafresti þarf hann að hafa samband við kennara **áður** en að skiladegi kemur og fær hann þá einkunn fyrir verkefnið.

Mætingar: Gert er ráð fyrir að nemendur mæti að öllu jöfnu í alla tíma. Ef nemandi getur ekki mætt reglulega í tíma eins og mætingareglur gera ráð fyrir verður hann/hún hafa samband við kennara strax í byrjun annar og gera samning um mætingar.

Samanber mætingarreglum skólans gildir um nemendur, fædda 1998 eða fyrr, að þeir verða ná samkomulagi við viðkomandi kennara um mætingar, vinnuframlag og verkefnaskil og þurfa að undirrita samning við viðkomandi kennara innan tveggja vikna frá annarbyrjun. Ef nemandi geri ekki samning eða vinnur ekki í samræmi við hann og hefur ekki samband við kennara vegna verkefnaskila, þá verður hann strikaður út af lista.

¹ Nemendur eru minntir á að höfundaréttur er á efni á Netinu og öðrum heimildum og ekki er ætlast til að nemendur leita heimilda á Netinu, né annars staðar, sé þess ekki getið í verkefnalýsingu. Nemandi sem verður uppvís að brotum á þessum reglum, eða því að skila verkefni frá öðrum nemanda, má gera ráð fyrir að slíkt hafi alvarlegar afleiðingar.

Nemendum með sérstæka námserfiðleika er sérstaklega bent á að ræða við kennara varðandi möguleika á hljóðbókum og öðrum úrræðum.

Fyrirkomulag námsmats:

Í þeim tilvikum þar sem próf/verkefni eru tekin í tíma þá er gefin er einkunnin 0/núll fyrir þau nema lögleg forföll (L, V eða W í Innu) komi til. Athugið að þessar reglur gilda um alla nemendur áfangans.

- **Gefinn er einkunnin 1 fyrir verkefni sem skilað er of seint** og koma þau þá ekki til frádráttar í lokaeinkunn EF um fullnægjandi skil er að ræða.
- **Eitt verkefni má vanta (einkunn 0) í lokin, en ef fleiri en eitt vantar er vægi þess eða þeirra verkefna sem vantar dregið frá einkunn nemandans og getur valdið falli í áfanganum: NB!** Nemandi getur ekki valið hvaða verkefni er það sem má vanta: hér gildir það verkefni sem lægst hefur vægi; ef fleiri verkefni en eitt standa út af borðinu eru það stærri verkefni sem dragast fyrst frá.
- **Nemendum sem eru að fara að útskrifast** er bent á að forsenda til að standast áfangann er að sinna verkefnaskilum. Það er ekki gert ráð fyrir endurtökuprófi ef skil verkefna eru í molum.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
The Go-Between	Skyndipróf – styttri ritun – tímaritgerð	15%
The Go-Between	Munnlegt próf úr allri bókinni	10%
Group project	Hópverkefni	10%
To Kill a Mockingbird	Skyndipróf – styttri ritun – tímaritgerð	15%
To Kill a Mockingbird	Munnlegt próf úr allri bókinni	10%
Önnur verkefni og próf	7- 10 verkefni um ýmis efni	40%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Fjölbrautaskóla Suðurlands, 16. ágúst 2018.

Ægir Pétur Ellertsson / Guðfinna Gunnarsdóttir
Kennari / kennslustjóri